

Ár 2015, fimmtudaginn 19. febrúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Umboðsmanni Alþingis frá 4. febrúar 2015.

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um hvort álit umboðsmanns Alþingis vegna ráðningar í stöðu deildarstjóra sérkennslu við Grunnskólann í Hveragerði hafi orðið tilefni til einhverra viðbragða eða annarra ráðstafana hjá sveitarfélaginu og ef svo er í hverju þær ráðstafanir felast.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

1.2. Menntaskólanum að Laugarvatni frá 3. febrúar 2015.

Í bréfinu er óskað eftir styrk vegna ferðar kórs Menntaskólans að Laugarvatni til Danmerkur.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við beiðninni.

1.3. Nordjobb frá 11. febrúar 2015.

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær taki norræn ungmenni í sumarstörf.

Bæjarráð telur ekki forsendur til að taka fólk til starfa hjá bænum í gegnum Nordjobb þetta árið.

1.4. EBÍ Brunabót frá 12. febrúar 2015.

Í bréfinu er kynnt fyrirkomulag við úthlutun styrkja úr styrktarsjóði EBÍ árið 2015.

Lagt fram til kynningar.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Kauptilboð Hveragerðisbæjar í Breiðumörk 26, efri hæð.

Lagt fram gagntilboð Hveragerðisbæjar í fasteignina Breiðumörk 26, efri hæð að upphæð kr. 22.000.000.-

Bæjarráð samþykkir tilboðið.

3. Tæknileg málefni:

3.1. Opnun tilboða í slátt og hirðingu í Hveragerði.

Þann 5. febrúar voru opnuð tilboð í verkið „sláttur og hirðing í Hveragerði“. Alls bárust 3 tilboð í verkið.

Bjóðendur	Tilboðsfjárhæð
Garðlist	18.639.893.-
Sláttu- og garðþjónusta Suðurlands	13.799.351.-
Vilhjálmur Snær Ólafsson	10.270.558.-
Kostnaðaráætlun	16.314.037.-

Við skoðun á gögnum kom í ljós að lægstbjóðandi uppfyllir ekki skilyrði nr. 7. í útboðsgögnum þar sem gert er skilyrði um reynslu af sambærilegum verkum, því samþykkir bæjarráð að taka tilboði Sláttu- og garðþjónustu Suðurlands að því tilskyldu að þeir uppfylli öll skilyrði útboðsgagna.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. janúar 2015.
- 4.2. Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 2. febrúar 2015.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:11

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Eyþór H. Ólafssonar, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)